

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Digranesvegur 51. Lóð Menntaskólans í Kópavogi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 25. október 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi lóðar Menntaskólans í Kópavogi, Digranesvegi. Í deiliskipulaginu felst að norðurálma skólans verður rifin og í hennar stað byggð tveggja hæða viðbygging. Bílastæðum á lóð er fjölgað.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Smiðjuvegur 3. Breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 17. júlí 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 3 við Smiðjuveg. Í breytingunni felst að byggt er við núverandi húsnæði bæði til vesturs og norðurs. Bílastæðum á lóð er fjölgað og fyrirkomulag þeirra breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Rjúpnasalir 10, 12 og 14. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 30. október 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Rjúpnasali 10, 12 og 14. Í breytingunni felst að hvert framangreindra húsa hækkar um tvær hæðir auk rishæðar og íbúðum fjölgar um 9 í hverju húsi. Jafnframt er bílastæðum fjölgað og fyrirkomulag þeirra breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendahvarf. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 25. september 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi athafnasvæðis við Vatnsendahvarf. Bæjarstjórnin samþykkti jafnframt eftirfarandi leiðréttingar: miðlína Breiðholtsbrautar sett inn, göngustígar, lóðamörk og settjarnir aðlagðar helgunarsvæði Breiðholtsbrautar. Byggingarreitir og austasta lóðin á svæði 2 og aðkoma að henni aðlöguð legu stofnræsis að ósk tæknideildar. Aukin kvöð um tré- og gróðurbelti og mörk skipulagssvæðis færð vestur fyrir Vatnsendaveg. Greinargerð leiðrétt. Lóðir einkenndar með rauðri línu og bindandi byggingarlína skýrð með blárrí línu. Afmörkun bílastæða á lóðum sýnd nánar.

Jafnframt hafa verið gerðar að ósk Skipulagsstofnunar eftirfarandi breytingar: Húsagötur sýndar nánar. Ýtarlegri grein gerð fyrir ákvæðum um stoðveggi á lóðarmörkum og byggingarreitir kjallara og 1. hæðar aðgreindir. Greinargerð varðandi tilmæli leiðrétt og kaflinn um frávik, uppdætti og kostnað færður á skýringaruppdrátt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. janúar 2002.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.